

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Tálknafjarðarhreppi.

Hundahald.

1. gr.

Af hundum í Tálknafjarðarhreppi skal sveitarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hunda- og kattahald í Tálknafjarðarhreppi frá 19. desember 2019.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisgjald, skráning kr. 19.265.

Leyfisveiting eftir útrunninn frest, skv. 2. gr. samþykktar um hunda- og kattahald, kr. 25.145.

Bráðabirgðaleyfi, kr. 6.820.

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald, þó ekki á skráningarári, sem hér segir:

Fyrir hvern hund, kr. 15.610.

4. gr.

Árleg hundahreinsun og ábyrgðartrygging er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar.

5. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta eftirgreint gjald:

Handsömun 1. skipti, kr. 17.345.

Handsömun 2. skipti, kr. 34.690.

Handsömun 3. skipti, kr. 34.690.

Handsömun 4. skipti, kr. 40.510.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

Kattahald.

6. gr.

Af köttum í Tálknafjarðarhreppi skal sveitarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hunda- og kattahald í Tálknafjarðarhreppi frá 19. desember 2019.

7. gr.

Við umsókn um skráningu kattar skal innheimt gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisgjald, kr. 5.105.

8. gr.

Af skráðum köttum skal innheimta árlegt leyfisgjald, fyrir hvern kött, kr. 7.305. Þetta á ekki við sama ár og köttur er skráður og fyrsta leyfisgjald er greitt.

9. gr.

Við afhendingu handsamaðs kattar ber að innheimta gjald kr. 5.105. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu fyrsta leyfisgjalds.

10. gr.

Innifalið í leyfisgjöldum er ormahreinsun, trygging og umsýslugjald sveitarfélagsins.

11. gr.

Veittur er kr. 3.360 afsláttur af árlegu leyfisgjaldi ef leyfishafi framvísar staðfestingu dýralæknis á því að gelding hafi farið fram.

12. gr.

Gjalddagi skv. 3. og 8. gr. er 15. júní ár hvert og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

13. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps í samræmi við 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, tekur gildi frá og með 1. janúar 2024. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Tálknafjarðarhreppi nr. 1384/2018 og gjaldskrá fyrir kattahald í Tálknafjarðarhreppi nr. 1385/2018.

Samþykkt á 624. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps, 12. desember 2023.

Ólafur Þór Ólafsson sveitarstjóri.